

Fimmtudaginn 18. september 1997.

Nr. 205/1997.

**Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Tryggva Rúnari Leifssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ökuréttindi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og jafnframt af hálfu ákærvaldsins með stefnu 9. maí 1997. Ákærvaldið krefst staðfestingar á sakfellingu, en þyngingar á refsingu.

Ákærði krefst sýknu af fyrri lið ákæru og að refsing verði milduð.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða, að því er varðar báða liði ákæru.

Í dómi Hæstaréttar 23. janúar 1997 í málinu nr. 410/1996 er rakinn sakaferill ákærða, en honum er ekki réttilega lýst í héraðsdómi. Að meðtöldum nefndum hæstaréttardómi hefur ákærða tíu sinnum verið gerð refsing fyrir akstur án ökuréttinda, en fyrir það brot er hann sóttur til saka í þessu máli. Þegar þessa er gætt, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð:**

Ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. apríl 1997.**

Ár 1997, mánudaginn 14. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 208/1997: Ákærvaldið gegn Tryggva Rúnari Leifssyni, sem tekið var til dóms 10. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettri 17. mars sl., á hendur ákærða, Tryggva Rúnari Leifssyni, Grýtubakka 10, Reykjavík, kt. 021051-2179, „fyrir að hafa ekið bifreiðum sviptur ökurétti, svo sem hér er rakið:

I. Bifreiðinni MK-521 aðfaranótt þriðjudagsins 14. janúar 1997 frá mótum Vesturhóla og Höfðabakka í Reykjavík, sinna ekki stöðvunarmerkjum lögreglu, virða ekki stöðvunarskyldu á mótum Fálkabakka og Arnarbakka og aka síðan að Grýtubakka 10.

II. Bifreiðinni A-2905 að morgni þriðjudagsins 11. febrúar 1997 frá Laufengi 25 í Reykjavík, uns akstri lauk norðan við Korpúlfsstaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr. og liður I að auki við 1. og 3. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

*Málavextir.*

## I. kafli ákæru.

Ákærði hefur eindregið neitað sök, að því er þennan ákærulið varðar. Hefur hann sagt, að þau hjónin hafi ekið á bílnum heim að Grýtubakka 10 úr miðbænum þriðjudagsnóttina 14. janúar sl. og kona sín ekið alla leið. Hafi þau verið ein í bílnum. Hafi konan stöðvað bílinn í sundi við fjölbýlishúsið, sem þau búi í, Grýtubakka 10, og hafi þá líklega verið miðnætti. Um hálf tíma síðar hafi dóttir eiginkonunnar komið á bíl og þau farið með henni í hennar bíl í Laufengi 25 í Grafarvogshverfi. Þau hafi svo komið heim aftur um þrjúleytið og þá séð, að bíllinn var horfinn. Segir ákærði, að kona sín hafi hringt í lögregluna til að grennslast fyrir um bílinn og fengið þau svör, að lögreglan hefði lagt hald á hann, og yrði hann ekki afhentur fyrr en daginn eftir. Hafi fylgt, að þetta væri út af því, að ákærði væri grunaður um að hafa ekið bílnum. Ákærði segist ekkert hafa orðið var við lögreglu þarna um nóttina.

Sigríður Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, eiginkona ákærða, hefur komið fyrir dóm og borið með manni sínum um sakarefnið. Segir hún, að bifreið sín hafi verið tekin frá heimili þeirra þessa nótt og lögreglan gert það. Segist hún hafa ekið bílnum neðan úr bæ og ákærði verið með sér. Hún hafi lagt bílnum upp í sund fast við dyrnar heima hjá þeim og þau farið inn. Fljótlega eftir þetta hafi dóttir sín komið og náð í þau. En þegar þau hafi komið

frá henni aftur um þrjúleytið, hafi þau séð, að bíllinn var horfinn. Hafi hún þá hringt í lögregluna og verið sagt, að bíllinn væri hjá lögreglu, en engin skýring fengist á því, hvorki þá né daginn eftir. Hún kveðst ekki hafa orðið vör við lögregluna á leið þeirra hjóna neðan úr bæ.

Vitnið Ágúst Svansson lögreglumaður var ökumaður lögreglubílsins, og segist hann hafa séð, hvar bifreið ákærða kom á móti þeim lögreglumönnum norður Vesturhólana á Peugeot-bíl. Hann segist hafa séð ákærða undir stýri, sem hann hafi bæði þekkt í sjón og vitað, að var réttindalaus. Hafi hann verið einn í bílnum. Hann segir þá hafa snúið við og ekið á eftir ákærða eftir Vesturhólunum, beygt inn á Höfðabakka og þaðan í Fálkabakka og Arnarbakka. Hafi bifreiðinni verið ekið að Grýtubakka 10 og inn í sund þar, ákærði komið út úr henni og farið inn í húsið. Kveðst hann telja, að hann hafi kveikt á bláu viðvörunarljósunum á Fálkabakka. Þá segir hann enn fremur, að þegar ákærði kom að gatnamótum Fálkabakka og Arnarbakka, hafi hann ekki getað numið staðar vegna hálfu og runnið inn á þau og bíllinn lent utan í gangstéttarbrún. Þar sé stöðvunarskylda gagnvart umferð af Fálkabakka.

Vitnið Einar Hólm Jónsson lögreglumaður segir þá hafa mætt ákærða akandi einum á Vesturhólum og snúið við á eftir honum. Segist hann hafa þekkt ákærða í sjón og vitað, að hann var réttindalaus. Hafi ákærði virst eiga erfitt með að stýra bílnum í hálkunni. Hann hafi ekið bílnum að Grýtubakka 10 og þeir séð hann koma út úr honum og fara inn í húsið. Vitnið segir, að þeir hafi ekki misst sjónar á bílnum nema augnablik, á meðan hann beygði inn í sunnið við Grýtubakka 10. Vitnið segir þá hafa kveikt blá viðvörunarljós, líklega á Fálkabakka. Ekki kveðst vitnið telja, að ljósin hafi logað óslitið, þar til akstrinum lauk við Grýtubakka, heldur hafi aðeins verið kveikt á þeim rétt í svip á Fálkabakka. Vitnið segir stöðvunarskyldu vera af Fálkabakka inn á Arnarbakka.

#### *Niðurstaða.*

Með vætti lögreglumannanna tveggja telst sannað þrátt fyrir neitun ákærða og skýrslu eiginkonu hans, að hann hafi ekið bílnum MK-521, sviptur ökurétti, þá leið, sem segir í ákæru. Með hliðsjón af framburði Einars Hólms Jónssonar lögreglumanns þykir ekki óhætt að fullyrða, að ákærði hafi orðið var við viðvörunarljós lögreglunnar, og ber að sýkna hann af ákæru fyrir að sinna ekki stöðvunarkerkjum umrætt sinn.

Í ákæru er ekki vísað til sérstakrar auglýsingar um stöðvunarskyldu á gatnamótum Fálkabakka og Arnarbakka. Þá eru engin gögn um umferðarkerki á þessum stað, svo sem uppdráttur eða mynd. Ber að vísa þessu

ákæruatriði frá dómi. Hefur ákærði þannig orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga.

## II. kafli ákæru.

Ákærði hefur skýlaust játað það atferli, sem hann er ákærður fyrir í II. kafla ákæru. Hefur hann brotið það lagaákvæði, sem tilfært er hér að ofan.

### *Refsing og sakarkostnaður.*

Ákærði, Tryggvi Rúnar, hefur, síðan hann varð átján ára, tíu sinnum hlotið dóm, þar af sjö sinnum fyrir skjalafals og níu sinnum fyrir auðgunarbrot, án þess að verulega langur tími liði á milli nema á árunum 1977 til 1985, en hann afplánaði fangelsisrefsingu fyrir manndráp o. fl. frá 1977 til 1981, að hann hlaut reynslulausn. Frá þeim tíma hlaut hann fyrst dóm fyrir hegningarlagabrot, skjalafals, 1988. Hann var síðast dæmdur fyrir þær sakir 31. ágúst 1990. Ákærði hefur tíu sinnum sætt refsingu fyrir akstur án ökuréttar, þar af tvisvar hegningarauka. Síðast gerðist það 27. september 1996, en þá var hann jafnframt dæmdur fyrir þjófnað. Refsing ákærða þykir vera hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 40.000 krónur. Úr ríkissjóði ber að greiða verjanda 10.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað leiddi ekki af málinu.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 40.000 krónur. Úr ríkissjóði greiðist verjanda 10.000 krónur í málsvarnarlaun.